



Aldursflokkameistaramót Íslands 2023 AMÍ Akureyri 23.-25. júní

Kæru félagar,

við í Sundfélaginu Óðni bjóðum ykkur hjartanlega velkomin á Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi (AMÍ) helgina 23.-25.júní. Keppt verður í Sundlaug Akureyrar við Þingvallastræti, en sundlaugin verður lokuð almenningi á meðan mótshlutar fara fram. Boðið er uppá gistingu í Brekkuskóla, en skólinn er staðsettur við hlið sundlaugarinnar. Að venju þarf að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað. Matur er framreiddur einnig í Brekkuskóla. Athugið að ekki er boðið uppá mat á fimmtudagskvöldinu, einungis gistingu. Lokahóf verður á sunnudagskvöldinu og staðsetning þess verður staðfest mjög fljótlega.

Í boði eru eftirfarandi AMÍ pakkar:

PAKKI #1 Fullur pakki á 28.000.-

- Gisting frá og með fimmtudagskvöldi 22. júní til mánudags 26. júní
- Matur frá föstudagsmorgni fram til mánudagsmorguns 26. júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

PAKKI #2 Pakki án gistingar aðfaranótt mánudags á 26.500.-

- Gisting frá og með fimmtudagskvöldi 22. júní til sunnudags 25. júní.
- Matur frá föstudagsmorgni fram til sunnudags 25. júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Gisti- og fæðispakkar standa einnig dómurum til boða.



Athugið að einnig verður hægt að kaupa stakar máltíðir og miða á lokahóf á meðan á móti stendur. Stakar máltíðir kosta 2.000,- og miði á lokahófið kostar 7.800,-.

Skráning í mat og gistingu

Skráningar í AMÍ pakka skulu fyllast út á rafrænt eyðublað á heimasíðu Amí, www.sundsamband.is/ami, **fyrir 13. júní**. Greiða þarf fyrir AMÍ pakkana **í seinasta lagi 20. júní**.

Vinsamlegast athugið að matar- og gistipassar verða afhentir í Brekkuskóla frá 18:00 - 20:00 fimmtudaginn 22. júní eða á föstudagsmorgni 23. júní milli 11-13 og þá aðeins gegn framvísun á staðfestingu á greiðslu (til dæmis útprentun úr heimabanka).

Öllum spurningum varðandi ofangreindar upplýsingar skal beina á **odinn@odinn.is**.

Frekari upplýsingar um mótið munu birtast á heimasíðu Sundsambandsins, www.sundsamband.is/ami og á sérstakri Facebooksíðu AMÍ 2023 þegar nær dregur mótinu. Þar verða t.a.m. settar inn upplýsingar um matseðil og aðrar praktískar upplýsingar.

Við hvetjum ykkur því til þess að fylgjast vel með á þessum miðlum. Einnig er hægt að senda almennar fyrirspurnir á sundmot@iceswim.is

Mætum með bros í hjarta svo við getum átt saman góðar stundir!

Fyrir hönd AMÍ undirbúningsnefndar Óðins, Elsa María Guðmundsdóttir

